

**Nr. 012 / 13 Ramóna ÍS 840****Leki**

Skipaskr.nr. 1148  
Smíðaður: Fáskrúðsfirði 1971 Eik  
Stærð: 25,01 brl. 25 bt.  
Mesta lengd: 17,03 m Skráð lengd: 16,05 m  
Breidd: 4,5 m Dýpt: 1,9 m  
Vél: Caterpillar 240 kW 1987  
Fjöldi skipverja: 1



Ramóna ©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. febrúar 2013 var Ramóna á siglingu um 10 sml austur af Raufarhöfn. Veður: A-10 til 30 m/sek

Á siglingunni fékk báturinn á sig þrjú brot og í kjölfarið varð skipstjóri var við leka sem austurdælur höfðu ekki undan. Hann óskaði eftir aðstoð og var björgunarskipið Gunnbjörg send með dælur en gat ekki athafnað sig sökum vinds og sjógangs. Varðskipið Þór var á siglingu fyrir Norðurlandi og var sendur léttbátur frá skipinu með dælur. Varðskipsmenn komust um borð í Ramónu með dælurnar og með þeim og austurdælum bátsins var hann þurrausinn og siglt síðan til Raufarhafnar í fylgd varðskipsins.

**Við rannsókn kom fram:**

- að eftir komu til hafnar leitaði skipstjóri lekans og fann að losnað hafði um tróð (kalfatt) á báðum bógum skipsins ofan sjólínu. Hann sagðist hafa slegið, með hampi og kíttri, í stuð og langar rifur milli planka. Enginn leki fannst eftir að komið var til hafnar og má því telja líklegt það hafi verið lekastaðurinn;
- að austurdælur, sem voru rafdrifnar brunndælur, höfðu stíflast en skipstjóri komst ekki að þeim til að þrifa úr þeim þar sem þær voru festar niður í kjalsoginu og austur var kominn nokkuð upp á vél og gír;
- að austurinn var í öllum skrokknum þar sem ekki eru vatnspétt þil á milli rýma. Í framskipi var austurinn kominn upp í skápa í lúkar. Ætla má að álíka sjór hafi verið í afturskipi aftan við vélarúmið en skipstjóri sagðist ekki hafa fundið fyrir því að stöðugleiki hafi minnkað;

- að skipstjóri sagðist hafa verið í sex tíma að sigla frá Hraunhafnartanga og inn undir Raufarhöfn en snúið frá þar sem brotið hafi fyrir innsiglinguna en hann verið ókunnugur enda ekki komið þarna inn áður. Hann hafi því verið búinn að setja stefnu á Þórshöfn þegar hann varð lekans var;
- að Ramóna hafði legið á Þingeyri og Ísafirði frá júlí 2012.

### *Nefndarálit:*

Orsök lekans má rekja til þess að byrðingur á bóg ofan sjólínu hafði rýrnað svo losnaði um tróð og opnaðist inn í skipið eftir að báturinn fékk á sig brotin.

Nefndin beinir því til eiganda og skipstjóra tréskipa að hafa vakandi augu með rýrnun efnis í bol og þá sérstaklega á skipum sem legið hafi um langan tíma í höfn eða á löngum þurrviðrasömum árstíðum.